



Ársuppgjör 2021

Orri Hauksson og Óskar Hauksson

15. febrúar 2022



Lykiltölur úr rekstri

með rekstri Mílu

	4F 2021	12M 2021
Tekjur	6.700 m.kr. 4F 2020: 6.703 m.kr.	25.841 m.kr. 2020: 25.646 m.kr.
EBITDA *	2.532 m.kr. 4F 2020: 2.413 m.kr.	10.603 m.kr. 2020: 10.156 m.kr.
EBITDA % *	37,8% 4F 2020: 36,0%	41,0% 2020: 39,6%
EBIT *	918 m.kr. 4F 2020: 907 m.kr.	4.692 m.kr. 2020: 4.271 m.kr.
Fjárfestingar	1.809 m.kr. 4F 2020: 1.528 m.kr.	5.498 m.kr. 2020: 5.648 m.kr.

Fjórðungurinn

- Leiðrétt fyrir 300 m.kr. lækkun stjórnvaldssektar á 4F 2020 hækkar EBITDA um 5% á milli ára.
- Tekjur í heild óbreyttar á milli ársfjórðunga
 - Samdráttur í vörusölu, gagnaflutningi og talsímatekjum
- Tekjur af farsímaþjónustu hækka um 6% sem skýrist mest af hækkingu reikitekna og velgengni Prennu.
 - Reikitekjur aukast um 60 m.kr. sem er meira en tvöföldun á milli ára.
- Búnaðarsala dregst saman sem skýrist af auknum ferðalögum Íslendinga til útlanda. Framlegð vörusölu eykst.
- Tekjur af Premium hækka um 11% á milli ára en tekjur af Síminn Bíó og endursölu erlendra rása dragast saman.
- Kostnaðaraðhald skilar lægri rekstrarkostnaði á milli ára þrátt fyrir aukna verðbólgu.






Rekstur



Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	4F með Mílu			12M með Mílu			12M án Mílu			Áhrif Mílu
	2021	2020	%	2021	2020	%	2021	2020	%	2021
Rekstrartekjur	6.700	6.703	0,0%	25.841	25.646	0,8%	24.543	23.969	2,4%	(1.298)
Kostnaðarverð sölu	(3.567)	(3.474)	2,7%	(12.927)	(12.769)	1,2%	(15.533)	(13.965)	11,2%	(2.606)
Rekstrarkostnaður	(2.215)	(2.022)	9,5%	(8.222)	(8.806)	-6,6%	(6.750)	(7.860)	-14,1%	1.472
EBIT	918	1.207	-23,9%	4.692	4.071	15,3%	2.260	2.144	5,4%	(2.432)
Hrein fjármagnsgjöld	(279)	(144)	93,8%	(999)	(705)	41,7%	(114)	(288)	-60,4%	885
Tekjuskattur	(108)	(139)	-22,3%	(727)	(704)	3,3%	(411)	(397)	3,5%	316
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	531	924	-42,5%	2.966	2.662	11,4%	1.735	1.459	18,9%	(1.231)
Aflögð starfsemi	123	131		2.247	254		3.478	1.457		1.231
Hagnaður tímabils	654	1.055	-38,0%	5.213	2.916	78,8%	5.213	2.916	78,8%	0
EBITDA	2.532	2.713	-6,7%	10.603	9.956	6,5%	5.502	6.006	-8,4%	(5.101)
Hagnaður á hlut	0,09	0,13		0,68	0,34		-	-		




* EBITDA og EBIT í myndum eru án stjórnvaldssektar 2F/4F 2020



Tekjur eftir starfspáttum

Starfspættir	4F með Mílu				12M með Mílu				12M án Mílu				Áhrif Mílu
	2021	2020	Breyting	%	2021	2020	Breyting	%	2021	2020	Breyting	%	2021
Farsími	1.455	1.368	87	6,4%	5.593	5.321	272	5,1%	5.604	5.343	261	4,9%	11
Talsími	370	415	-45	-10,8%	1.551	1.714	-163	-9,5%	1.572	1.725	-153	-8,9%	21
Gagnaflutningur	2.199	2.237	-38	-1,7%	8.844	8.837	7	0,1%	7.342	7.334	8	0,1%	-1.502
Sjónvarpsþjónusta	1.641	1.639	2	0,1%	6.369	6.253	116	1,9%	6.383	6.266	117	1,9%	14
Vörusala	634	677	-43	-6,4%	2.143	2.159	-16	-0,7%	2.148	2.162	-14	-0,6%	5
Annað	401	367	34	9,3%	1.341	1.362	-21	-1,5%	1.494	1.139	355	31,2%	153
Samtals	6.700	6.703	-3	0,0%	25.841	25.646	195	0,8%	24.543	23.969	574	2,4%	-1.298



Tekjur starfspáttanna í súlurítum eru án Mílu. Tekjur af Spotify og Símanum Pay sem áður voru færðar sem tekjur farsíma hafa verið endurflokkaðar og tilheyra nú starfspættinum annað.



Rekstur 2021 með Mílu

Góð afkoma skýrist af árangursríkum hagræðingaraðgerðum

- EBITDA eykst um 4,4% á milli ára.*
- Rekstrartekjur hækka lítilsháttar á milli ára.
 - Tekjur af farsíma hækka um rúmlega 6% sem skýrist af góðu gengi þrennu, auknum tekjum af virðisaukandi þjónustu og SMS magnsendingum. Reikitekjur aukast á ný.
- Rekstrarhagnaður eykst um rúmlega 400 m.kr. á milli ára.*
 - Afskriftir nánast óbreyttar á milli ára
- Hagnaður eykst um tæpar 300 m.kr.
 - Næst þrátt fyrir rúmlega 300 m.kr. aukningu í vaxtagjöldum vegna aukinnar skuldsetningar í kjölfar endurfjármögnunar á 1F 2021.
- Síminn gekk frá sölu á Sensa á 2F 2021 til Crayon Group Holding ASA (Crayon).
 - Hluti af söluandvirði voru 699.635 hlutir í Crayon sem hafa nú verið seldir.
 - Söluhagnaður hlutanna var ríflega 120 m.kr.
- Síminn hefur aldrei tekið við fjölmiðlastyrkjum, nýtt hlutabótaleið eða tekið við öðrum opinberum framlögum sem stofnað var til eftir upphaf faraldursins.
- Launakostnaður lækkar um tæpar 400 m.kr. eða 6,2%.
 - Skýrist af fækkun stöðugilda árið 2020 og útvistun á hugbúnaðarþróun. Meginþungi breytingar var á 2F 2020 sem skilar sér í bættri afkomu 2021.
 - Útvistun hefur ekki skilað sér í hækkun upplýsingatækni-kostnaðar.
- Kostnaðarverð seldrar þjónustu hækkar vegna tímabundinnar aukningar á kostnaði við sjónvarpsrekstur.
- Starfsmannakostnaður er áfram í lágmarki enda nánast engin ferðalög eða viðburðir á vegum fyrirtækisins.
- Kostnaður við sölu Mílu er færður sem fyrirframgreiddur kostnaður sem færist á móti söluhagnaði þegar viðskiptin klárast.
- Aukið í sölu- og markaðskostnað m.a. vegna áherslu á nýjar vörur Símans.
- Lækkun vörusölu tengist aukningu í ferðalögum Íslendinga erlendis en á móti þá hækkar framlegð.
 - Framlegð vörusölu eykst um tæpar 100 m.kr. á milli ára.







Efnahagur og sjóðstreymi



Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir.....	2.219	18.991
Leigueignir.....	753	5.378
Óefnislegar eignir.....	19.403	32.544
Aðrar eignir.....	675	544
Fastafjármunir	23.050	57.457
Veltufjármunir		
Birgðir.....	923	1.127
Viðskiptakröfur.....	2.234	3.147
Aðrar skammtímakröfur.....	3.082	834
Handbært fé.....	3.509	735
Eignir flokkaðar til sölu.....	36.929	1.906
Veltufjármunir	46.677	7.749
Eignir alls	69.727	65.206

Skuldir og eigið fé	31.12.2021	31.12.2020
Eigið fé		
Eigið fé.....	31.079	37.298
Langtímaskuldir		
Skuldabréfalán.....	5.943	14.289
Leiguskuldbinding.....	653	5.066
Tekjuskattskuldbinding.....	604	670
Langtímaskuldir	7.200	20.025
Skammtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir.....	1.518	500
Viðskiptaskuldir.....	2.141	2.554
Næsta árs afborgun.....	180	1.663
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.783	2.390
Skuldir vegna eigna sem flokkaðar eru til sölu.....	25.826	776
Skammtímaskuldir	31.448	7.883
Skuldir og eigið fé alls	69.727	65.206



*Án stjórnvaldssektar 2F/4F 2020
Leiguskuldbindingar taldar með frá árinu 2019



Sjóðstreymi

Sjóðstreymi *	2021	2020
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður ársins.....	2.260	2.144
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir og virðisrýrnun.....	3.242	3.862
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....	(1)	(2)
	5.501	6.004
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum.....	(1.099)	461
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	4.402	6.465
Nettó greiddir vextir.....	(77)	(263)
Greiddir skattar.....	(565)	(627)
Handbært fé frá rekstri	3.760	5.575
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	5.186	(3.399)
Aðrar fjárfestingahreyfingar.....	(894)	(211)
Sala eignahluta og aflögð starfsemi.....	14.739	1.449
Fjárfestingahreyfingar	19.031	(2.161)
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(500)	(500)
Viðskipti með eigin bréf.....	(2.965)	(1.751)
Útgreitt hlutfé.....	(7.968)	0
Afborganir leiguskuldbindinga.....	(174)	(334)
Nettó breyting á lánum.....	(8.411)	(292)
Fjármögnunarhreyfingar	(20.018)	(2.877)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	2.773	537
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	1	(19)
Handbært fé í upphafi árs.....	735	217
Handbært fé í lok tímabilsins.....	3.509	735

Efnahagur og sjóðstreymi

- Eignir Mílu eru flokkaðar til sölu í efnahagsreikningi 2021.
- Eiginfjárhlutfall lækkar á milli ára vegna lækkunar á hlutfé árið 2021.
- Endurfjármögnun á 1F 2021 lækkar skuldsetningu Símans og fjármagnsskipan breyttist þegar Míla endurfjármagnaði lán frá Símanum.
- Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum skýrist af fyrirframgreiðslu á hluta sýningarréttar að ensku úrvalsdeildinni og greiddum kostnaði vegna söluferlis Mílu.
- Sala eignahluta og aflögð starfsemi tengist endurfjármögnun Mílu þar sem endurfjármögnun var með ytra láni en greidd upp lán frá móðurfélagi um leið og hlutfé félagsins var lækkað. Auk þess keypti Míla farsímadreifikerfið og IP/MPLS netið af Símanum.




*Sjóðstreymi samkvæmt ársreikningi. Míla meðhöndluð sem aflögð starfsemi.



Fjárfestingar



Fjárfestingar með Mílu



Fjárfestingar 2021


- Fjárfestingar samstæðunnar í rekstrarfjármunum, sýningarréttum og öðrum óefnislegum eignum lækka um 145 m.kr. á milli ára.
- Fjárfestingar Símans lækka um 477 m.kr. Þar af fjárfesting í sýningarréttum um 93 m.kr.
- Fjárfestingar Mílu aukast um 259 m.kr.
- Fjárfestingar Síminn Pay í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum aukast um 71 m.kr.

*Endurgert m.v. breytta framsetningu á sýningarrétti sjónvarpsefnis



Síminn móðurfélag

Fjárfestingar





Fjárfestingar 2021


- Við sölu á farsímadreifikerfinu (RAN) og IP/MPLS netinu yfir til Mílu minnkaði árleg fjárfestingaþörf í fjarskiptakerfum Símans um 500-600 m.kr.
- Fjárfestingar Símans hafa farið lækkandi frá árinu 2019.
- Á þessu tímabili hefur mikil áhersla verið lögð á að efla og umbreyta innri kerfum félagsins með það að markmiði að lækka rekstrarkostnað, auka sveigjanleika og auðvelda vöruþróun.
 - Hluttur þessara fjárfestinga í árlegri heildarfjárfestingu án sýningarrétta nam að meðaltali um 40% yfir tímabilið 2019 til 2021.
- Eftir minnkandi fjárfestingar í fjarskiptanetum félagsins hefur vægi endabúnaðar viðskiptavina aukist.
 - Undanfarin ár hefur árleg fjárfesting í myndlyklum, beinum og öðrum endabúnaði numið á bilinu 400-450 m.kr.
 - Undantekning er árið 2021 en þá var fjárfesting í endabúnaði um 35-40% minni en í eðlilegu árferði. Hafði framboðsbrestur erlendra birgja þar mikil áhrif.




Míla Fjárfestingar



Tengiframvinda - Höfuðborgarsvæðið



Tengiframvinda - Landsbyggðin



Ljósleiðaraverkefnið

- Undanfarin ár hefur megináhersla verið á ljósleiðaravæðingu, fyrst á höfuðborgarsvæðinu, en árið 2021 var mest fjárfest í ljósleiðaravæðingu í þéttbýli á landsbyggðinni og mun áherslan framvegis vera meiri á landsbyggðina.
- Árið 2021 nam fjárfesting í ljósleiðaraverkefnum 1.663 m.kr. sem er um 56% af heildarfjárfestingu ársins.
- Heildarfjárfestingar árið 2021 aukast um 260 m.kr. á milli ára og liggur sú aukning alfarið í öðru en ljósleiðaratengdum verkefnum.
- Um 108.400 heimili/rými voru með aðgang að ljósleiðara í árslok 2021, þar af um 80 þúsund á höfuðborgarsvæðinu.
- Um 13.400 ný heimili fengu aðgang að ljósleiðara á árinu, þar af um 7.800 á landsbyggðinni.



Um starfsemina

Síminn


- Síminn og Míla gerðu samning við Ericsson um farsímakerfi
 - Samstarf Símans og Ericsson spannar yfir 100 ár
 - Ericsson er óumdeildur tæknibirgi á heimsvísu sem stjórnvöld reyna ekki að þrengja að
 - Samningur til fimm ára
 - Áframhaldandi uppbygging á 4G og hraðari uppbygging á 5G þar sem markmiðið er að ná 90% dekkningu um mitt ár 2025
 - Aukinn gagnahraði og ný viðskiptatækifæri
 - Í mars munu viðskiptavinir Símans með 5G tæki eiga kost á öflugra sambandi óháð áskriftarleiðum
- Nýir fyrirtækjapakkar settir á markað í byrjun árs
 - Lausnir hjá Símanum með áherslu á netöryggi
 - Fjarskipta- og netöryggisþarfir fyrirtækja leyst með fyrirtækjapakka á föstu verði
 - Öflugur eldveggur, vöktun 24/7, uppsetning og ráðgjöf
 - Mikilvægir samstarfsaðilar lykilatriði





Míla

- Ljósleiðaravæðing
 - Árið 2021 fjölgaði ljósleiðaratengdum rýmum um 13.400 og voru tengd rými alls 108.400 í lok ársins.
 - Fjölgunin var meiri á landsbyggðinni þetta árið, eða um 7.800 á mót 5.600 á höfuðborgarsvæðinu.
 - Áherslan er nú meiri á lagningu ljósleiðara á landsbyggðinni og mun sú þróun halda áfram.
- Farsímadreifikerfi
 - Fyrir lok árs lauk Míla við uppsetningu á 31 5G sendastað á landinu.
 - Tíðnileyfi Símans var sett skilyrði um uppsetningu á 30 5G sendastöðum.
 - Sendarnir voru settir upp á höfuðborgarsvæðinu, í Þorlákshöfn, á Egilsstöðum og á Blönduósi, auk Seyðishóla.
 - Þar með var útbreiðslukrafa tíðnileyfis Símans uppfyllt.
- Útlandagátt
 - Í lok árs skrifuðu Míla og Farice undir samning sem tryggir Mílu næga útlandabandvidd næstu 2 ár miðað við áætlaða þörf.
 - Samningurinn gerir ráð fyrir útlandasamböndum yfir FARICE strenginn til London, DANICE strenginn til Amsterdam og sambanda yfir nýjan streng, IRIS til Dublinar, en gert er ráð fyrir að hann verði tekinn í notkun fyrir lok árs 2022.
 - Auk þess kaupir Míla útlandasambönd af Tele Greenland yfir Greenland Connect strenginn til New York.
 - Með þessum samningi tryggir Míla áfram besta mögulega öryggi á útlandasamböndum.





Sala Mílu til Ardian



Sala Mílu til Ardian er til umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu

- Til upprifjunar
 - Síminn undirritaði í október sl. samning um sölu á öllum eignarhlut sínum í Mílu.
 - Kaupandi er Ardian sem er leiðandi innviðafjárfestir í Evrópu.
 - Virði viðskiptanna er 78 ma.kr. og áætlaður söluhagnaður rúmlega 46 ma.kr.
 - Síminn fær greitt á efndadegi (e. closing) um 44 ma.kr. í reiðufé og 15 ma.kr. í formi skuldabréfs til þriggja ára.
 - Gerður er 20 ára heildsölusamningur á milli Símans og Mílu.
 - Ardian hefur boðið íslenskum lífeyrissjóðum að taka þátt í kaupunum.
- Samkeppniseftirlitið er með málið á sínu borði
 - Stofnunin tilkynnti 10. febrúar sl. að samrunatilkynningin væri fullnægjandi og hófust þá lögbundnir frestir að líða.
 - Ekki hægt að segja til um hvenær Samkeppniseftirlitið lýkur afgreiðslu málsins, en vart síðar en um mitt ár.
- Samningur við ríkið
 - Viðræðum milli ríkisins og fulltrúa Mílu, Símans og Ardian um leiðir til að tryggja að starfsemi Mílu samrýmist þjóðaröryggishagsmunum í nýju eignarhaldi erlendra aðila lauk með undirritun samnings í desember sl. um kvaðir sem Míla tekur á sig vegna þjóðhagslega mikilvægra fjarskiptaneta.
 - Þar með er staðfest að fjarskiptakerfi Mílu uppfylla kröfur ríkisins um þjóðaröryggi og má því segja að kerfi Mílu séu öruggustu fjarskiptakerfi landsins.



Sala Mílu hefur óveruleg áhrif á rekstur Símans

- Væntur söluhagnaður er mjög mikill sem gerbreytir efnahag félagsins.
- Utan söluhagnaðar hefur salan sem slík óveruleg áhrif á rekstur Símans hf.
- Viðskipti Símans og Mílu byggja áfram á sama grunni og verið hefur frá stofnun Mílu.
- Viðskipti félaganna hafa ávallt byggt á armslengdarsjónarmiðum og Míla hefur haft fullt sjálfstæði í sínum rekstri enda ríkar kvaðir frá opinberum aðilum þar að lútandi.
- Megnið af vörum Mílu byggja á kostnaðargreindum verðum og fullt jafnræði er á milli aðila á fjarskiptamarkaði.
- Stór breyting varð á viðskiptasambandi Símans og Mílu þegar eignasala RAN og MPLS var framkvæmd.
 - Sú breyting fór fram í ársbyrjun 2021, löngu áður en sala Mílu fór fram, og stendur því ein og sér óháð söluinni. Áhrif af umræddum breytingum eru að fullu inni í rekstrartölum síðasta árs.
 - Gerð var ítarleg grein fyrir áhrifum af þeirri eignasölu á rekstur Símans og Mílu í fjárfestakynningu 1F 2021.
- Í ársreikningi samstæðu árið 2021 eru eignir Mílu flokkaðar sem eignir til sölu og rekstur Mílu er flokkaður sem aflögð starfsemi.
- Salan hefur engin áhrif umfram það sem hefðbundið er vegna sölu dótturfélaga.
 - Ekkert í viðskiptum félaganna flokkast sem sala / endurleiga (e. sale-leaseback).
 - Engin leiguskuldbinding myndast vegna IFRS 16.
- Míla mun áfram reka opið fjarskiptanet eftir sölu til Ardian.



Síminn í kjölfar sölu Mílu

Samstæða	2021	Sala Mílu	2021 PF
Fastafjármunir.....	23.050	15.000	38.050
Veltufjármunir.....	9.748	42.500	52.248
Eignir flokkaðar til sölu.....	36.929	-36.929	0
Eignir.....	69.727	57.500	90.298
- þ.a. handbært fé	3.509	42.500	46.009
- þ.a. skuldabréf	0	15.000	15.000
Eigið fé.....	31.079	46.397	77.476
Langtímaskuldir.....	7.200	0	7.200
Skammtímaskuldir.....	5.622	0	5.622
Skuldir flokkaðar til sölu.....	25.826	-25.826	0
Skuldir og eigið fé.....	69.727	46.397	90.298
-þ.a. vaxtaberandi skuldir	7.461		7.461
-þ.a. leiguskuldbinding	833		833
Eiginfjárhlutfall	44,6%		85,8%

Síminn samstæða

- Efnahagsreikningur Símans mun breytast mikið við sölu Mílu.
- Ljóst er að geta félagsins til ytri vaxtar og/eða arðgreiðslna verður umtalsverð.
- Á meðan salan er til umfjöllunar Samkeppnisyfirvalda er ekki hægt að bregða skýru ljósi á næstu skref Símans.
- Um leið og niðurstaða fæst verða hugmyndir félagsins varðandi framtíðarstefnu Símans og ráðstöfun söluandvirðis bornar undir hlutahafa félagsins.



Tillögur fyrir aðalfund



Aðalfundur 2022

Arðgreiðsla og endurkaup

Arðgreiðslustefna:

„Síminn hf. stefnir að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup sem nema að lágmarki 50% af hagnaði eftir skatta í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Við gerð tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn meðal annars taka tillit til viðmiða við fjárhagsskipan félagsins, aðstæðna á markaði, fjárfestingarþarfar á næstu árum og skuldbindinga félagsins.“

Óskað verður eftir heimild aðalfundar þann 10. mars 2022 til að:


1. Greiða út 500 milljónir króna í arð – Sama fjárhæð og árið 2021.
2. Lækka hlutafé félagsins um 240 milljónir að nafnverði með jöfnun á eigin hlutum félagsins. Er 3,18% af útgefnum hlutum í félaginu.
3. Óskað verður eftir heimild til að kaupa allt að 10% af útgefnu hlutafé á næstu 18 mánuðum.
 - Ákvörðun um heildarfjárhæð endurkaupa ársins liggur ekki fyrir en stjórn verður heimilt að vinna innan þess ramma sem heimild aðalfundar veitir og byggir á arðgreiðslustefnu.




Hluthafar



Hluthafar



Hluthafar 8.2.2022	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	1.162.220.631	15,41%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	868.257.927	11,52%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	744.000.000	9,87%
Gildi - lífeyrissjóður	612.192.195	8,12%
Íslandsbanki hf,safnskráning 2	396.693.435	5,26%
Stapi lífeyrissjóður	307.351.432	4,08%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	305.650.161	4,05%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	286.618.000	3,80%
Birta lífeyrissjóður	275.446.563	3,65%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	251.575.320	3,34%
10 stærstu hluthafar	5.210.005.664	69,10%
Aðrir hluthafar	2.070.691.792	27,46%
Samtals útstandandi hlutir	7.280.697.456	96,56%
Eigin bréf	259.302.544	3,44%
Heildarhlutafé	7.540.000.000	100%



Hluthafar

- Endurkaupaáætlun
 - Endurkaup ársins 2021 námu 2.965 m.kr. sem er aukning um ríflega 1.200 m.kr. frá árinu 2020.
 - Arðgreiðsla ársins var 500 m.kr. sem er óbreytt greiðsla frá árinu 2020.
 - Hlutafé félagsins var lækkað með 8.000 m.kr. greiðslu til hluthafa í apríl 2021.
- Endurkaup eru í gangi og byggja á áætlun sem tilkynnt var til Kauphallar þann 13. desember sl.
- Hluthafar voru 1.242 í árslok og fjölgaði þeim um 369 árið 2021.
- Hlutabréf Símans hækkuðu um 49,6% árið 2021.



Horfur 2022




Rekstrarhorfur 2022

Ár mikilla breytinga framundan

- Miklar breytingar hafa verið á skipulagi samstæðu undanfarið með sölu á Sensa í árslok 2020 og sölu á Mílu í október 2021.
- Afkomu- og fjárfestingaspá er án rekstrar Mílu.
- Gert er ráð fyrir lítilli breytingu á EBITDA Símans.
- Gert er ráð fyrir tekjuvexti en ólíklegt að aukning núverandi tekna haldi í við verðbólguþróun.
- Komi til styrkingar krónunnar mun það veða á móti kostnaðarhækkunum innanlands.
- Fjárfestingar Símans aukast talsvert í ár, sem er tímabundin aukning.
 1. Vegna aukins kostnaðar við sýningarrétt að ensku úrvalsdeildinni og þar sem nú er fyrsta ár nýs samnings (framhlaðin fjárfesting). Nýr sýningarréttur færir á fjárfestingu á 3F 2022. Fyrsta greiðsla var árið 2021 en ekkert er greitt vegna réttarins árið 2022.
 2. Vegna aukinnar fjárfestingar í innri kerfum Símans. Verkefnin tengjast nýjum tekjutækifærum á m.a. sjónvarpsmarkaði og stafrænni þróun Símans.
 3. Án þessara tímabundnu fjárfestinga eru fjárfestingar í hefðbundnum rekstrarfjármunum og öðrum sýningarréttum 2,3 til 2,6 ma.kr.



Horfur fyrir árið 2022



EBITDA samstæðu án Mílu var 5.502 m.kr. árið 2021

Fjárfestingar samstæðu án Mílu voru 2.503 m.kr. árið 2021



Viðaukar



Lýsing starfsþátta

- **Farsími:** Farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
- **Talsími:** Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
- **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónustu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.
- **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
- **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
- **Annað:** Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.



Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

